

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III A og IV A við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a og b gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollskrárnúmer:</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn</i> <i>kg</i>	<i>Verðtollur</i> <i>%</i>	<i>Magntollur</i> <i>kr./kg</i>
a)					
0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.07 - 30.06.08	53.000	0	198
b)	<i>Ostur og ystingur:</i>		119.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.07 - 30.06.08		0	141
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.07 - 30.06.08		0	141
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.07 - 30.06.08		0	105
0406.4000	Gráðostur	01.07.07 - 30.06.08		0	161
0406.9000	Annar ostur	01.07.07 - 30.06.08		0	158

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöru-liðar. Tilboð skulu ráða úthlutun.

Hafi tilboð ráðið úthlutun skv. 1. mgr. skal viðkomandi leysa til sín úthlutaðan tollkvóta annaðhvort með greiðslu andvirðis tollkvótans eða framlagningu fullnægjandi tryggingar fyrir greiðslu fyrir 31. júlí 2007. Landbúnaðarráðherra er heimilt að endurúthluta óinnleystum tollkvótum.

Úthlutun skv. 1. mgr. er ekki framseljanleg.

4. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A. og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2008.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. maí 2007.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

B-deild – Útgáfud.: 1. júní 2007